

62. stjórnarfundur haldinn á Hótel Höfn Hornafirði 28. nóvember 2012.

Mætt voru: Kristveig Sigurðardóttir (KS), formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir (RBH), varaformaður, Sigrún Helgadóttir (SH), Björn Ármann Ólafsson (BAÓ), Böðvar Pétursson (BP), Elín Heiða Valsdóttir (EHV), Snorri Ingimarsson (SI) og Hjalti Þór Vignisson (HPV).
Einnig: Þórður H. Ólafsson (PHÓ), framkvæmdastjóri

Fundur hófst kl. 10:30

1. Samþykki dagskrár

Dagskrá samþykkt.

2. Stjórnunar- og verndaráætlun

KS lagði fram eftirfarandi tillögu:

Akstursleiðir í vatni á Langasjávarsvæðinu (hluti af hringleið um Hellnafjall, leiðin með norðurbakka Langasjávar og leið um Blautulón) verði skoðaðar betur með sérfróðum aðilum, s.s. Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun og fleiri slíkum aðilum. Ástæðan er að safna betri upplýsingum um það mál áður stjórn afgreiði stjórnunar- og verndaráætlun frá sér. Æskilegt er að fá faglegt álit m.a. á því hvaða áhrif þessar leiðir geti haft á náttúrufer og lífríki, hvaða hættu og afleiðingar séu á mengun af völdum aksturs á þessum leiðum og hvaða hættu mönnum getur stafað af því að ferðast um þær.

Til máls máls tóku: BAÓ, EHV, KS, HPV, SH, BP, SI, RBH.

Elín Heiða lagði til að málið yrði tekið til umfjöllunar í svæðisráði Vestursvæðis.

- Samþykkt.

Snorri lagði fram eftirfarandi bókun:

Ég bendi á að enn einu sinni fer stjórn VJP gegn afgerandi niðurstöðu svæðisráðs og þar með því viðamikla og vandaða verki sem þar hefur verið unnið við gerð verndaráætlunar.

Árni Geirsson og Björg Ágústsdóttir frá Alta mættu á fundinn kl. 11:30 og fóru yfir stöðu á þeim breytingartillögum sem unnið er með inn í breytingar á Stjórnunar- og verndaráætlun.

3. Atvinnustefna

Árni og Björg kynntu stöðuna á vinnu að drögum að atvinnustefnu fyrir þjóðgarðinn. Þau viku af fundi kl. 11:50.

4. Fundur með Svæðisráði Suðursvæðis

Regína Hreinsdóttir, þjóðgarðsvörður Suðursvæðis og Sigurlaug Gissurardóttir mættu á fundinn kl 12:30. Regína sagði frá starfsemi á Suðursvæði. Regína og Sigurlaug viku af fundi kl. 13:30.

5. Fjármál

PHÓ kynnti vinnu við gerð Frumvarps til Fjárlaga fyrir árið 2013.

KS upplýsti um samtal við ráðherra um fjárlög.

6. Svæðisráð-fundargerðir

- Suðursvæði 5. nóv. 2012

Rætt um undir lið 3.

- Austursvæði 23. nóv. 2012

Bókun um atvinnustefnu rædd undir lið 3. BAÓ benti á umræðu um mörk þjóðgarðsins og mikilvægi þess að taka reglugerð um þjóðgarðinn upp með tilliti til þess sem fram kemur í fundargerðinni.

7. Verkefnalisti

ÞHÓ kynnti stöðu á framvindu verkefna sem stjórn hefur tekið fyrir á síðustu stjórnarfundum. Stjórn þakkar yfirferðina og er sammála um að hafa þetta fastan fundarlið á fundum stjórnar.

8. Starfsstöðvar og starfsmannamál

Til máls tóku: KS, EHV, RBH, HÞV, BÁÓ, SH, SI OG BP.

Stjórn felur Hjalta að taka saman greinargerð um málið og leggja fyrir á næsta fundi.

9. Önnur mál

- KS óskaði eftir umræðu um kosti og galla stjórnfyrirkomulags Vatnajökulsþjóðgarðs í svæðisráðum. Til máls tók: SI.
- ÞHÓ upplýsti að umhverfis- og auðlindaráðuneytið sé með í undirbúningi að hefja vinnu við að endurskoða stjórnfyrirkomulag Vatnajökulsþjóðgarðs eins og kveðið er á um í lögum þjóðgarðsins. Kom fram að vinnan muni hefjast fljótlega.
- Ný svæði í þjóðgarðinum. ÞHÓ upplýsti um vinnu umhverfis- og auðlindaráðuneytis í samningum um ný svæði sem hugsanlega gætu komið inn í þjóðgarðinn. SH sagði mikilvægt að gengið yrði frá samningum við Hólm. Framkvæmdastjóra falið að ýta á ráðuneytið í þessari vinnu.
- Þórunn S. Þórgrímsdóttir sýningarstjóri mætti á fundinn kl. 12:30. Hún kynnti tillögu rýmisnotkunar gestastofunnar og endurnýjun fræðslusýningarinnar í Skaftafellsstofu. Þá kynnti Þórunn tillögu að fræðslusýningu í Gömlubúð. Þórunni þakkað fyrir góða kynningu. Þórunn vék af fundi kl. 15:00. KS velti upp hvort þjóðgarður myndi móta sér stefnu um hönnun og uppsetningu sýninga. Stjórn er sammála um að kanna kosti þess að efna til hugmyndasamkeppni um sýningu á Kirkjubæjarklaustri. Framkvæmdastjóra falið að vinna samantekt um kostnað við slíka vinnu og hvernig eigi að halda utan um verkefnið.
- Úthlutun Vina Vatnajökuls frá 23. nóv. lögð fram til kynningar. ÞHÓ upplýsti að fimm verkefni þjóðgarðsins hafi hlotið stuðning. Rætt um samskipti við Vini Vatnajökuls og umsóknir frá þjóðgarðinum til þeirra. Framkvæmdastjóra falið að óska eftir skriflegu svari vegna umsókna frá þjóðgarðinum. Jafnframt rætt um samvinnu við Vini Vatnajökuls um framkvæmd verkefna. Farið yfir lög og reglugerðir er málið varðar og rætt um hvort Vatnajökulsþjóðgarður þyrfti að setja sér siðareglur um slíkt samstarf. Framkvæmdastjóra falið að gera minnisblað.
- ÞHÓ gerði grein IPA-umsókn.

- Rætt um samstarf við Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum. Upplýst að fundur væri fyrirhugaður á milli stofnanna og þar verði skiltamál, sjálfbóðaliðar, utanvegaakstur og fleiri mál til umræðu.
- KS ræddi um mikilvægi þess að vera í góðu samstarfi við háskólasamfélagið um ýmis mál.
- Lagt fram bréf frá SSA. KS og BÁÓ semja drög að bréfi.
- Lagt fram drög að svarbréfi við erindi frá Öræfaferðum. KS og HPV falið að svara bréfinu.

10. Næsti stjórnarfundur

- Verður haldinn 23. janúar 2013 í Mývatnssveit.

Fundi slitið kl. 18:00